

Í ræsum og ritum er einatt mikið látið yfir framförum vor Vestur-Íslendinga, og vist er um það, að allmiklar framfarir eiga sér stað vor á meðal. En í hverju eru þær helzt innifaldar? Auðsjáanlega eru þær langflestir verklegs eðlis. Oss hefir sem þjóðflokki lánast vonum freinur að nota möguleikana hér til þess að bæta hin ytri lífskjör vor, og taka þitt í samkepninni við aðra í því efni. Vér höfum reynst rétt eins vel, og jafnvel betur en aðrir í því, se ná almennu málí er kallað að komast vel áfram. En við hvað er svo átt með því að komast vel áfram? Er með því átt við samhliða þroskun allra hæfileika mansins og þarfleidandi aukna möguleika til að taka þátt í sem flestum störfum mannfélagsins, og fylgjast með á mennigarbrautinni bæði í andlegum og verklegum skilningi?

Engum, sem hér er vel kunnugur, getur blandast hugur um að fæstir eiga viðslíkt þegar þeir tala um að komast áfram, menn leggja alment þrengri meiningu í orðið framför; syrir þi þýðir það dugnað í verslunarsökum og lag á að græða fó. Fjáröflun út af syrir sig er engin framför og lýsir engu háu menningarstigi. Það er fyrst gegar sýnt verður fram á, að þess sé aðlað með einhverjum þeim hæfileikum, sem í sjálfu sér hafa mentunar eða menningarlegt gildi, að hægt er að segja að það sé vottur um sanna framför. Mikil fjáröflun er oft tilviljun einni að þakka, eða hún getur verið aðleiðing hinna verri hvata mannsins, svo sem sviksemi og nírfilsháttar. Auðvitað er ærleg hagsýni til, en þeirri gáfu er mörgum hætt við að misbeita, þar sem tækifærin eru mörg fyrir hendi. Framförin hér hjá oss er að mestu leyti hagsmunaleg, og í sjálfu sér er ekki út á það að setja, heldur þvert á móti lofsvert, þegar það er aðleiðing dugnaðar og ráðdeildar. En ef vér eignum að geta talið oss með á hinni verulegu framfarabraut hins mentaða heims, þi me gum vér ekki verða eftirbátar annara í andlegum framförum.

Framh.

HEIMIR kemur út 12 sinnum á ári, 24 bls. í hvert sinn, og kostar einn dollar árgangurinn.— Afgreiðslustofa og skrifstofa blaðsins verður framvegis í nýju Heimishyggingunni austan við Unitarákyrkjuna, á suðausturhorninu á Sherbrooke og Sargent strætum, (532 Sargent Ave.) Winnipeg Man.—

Ritstjóri sín Rognvaldur Pétursson, Winnipeg.

Preatari: Gisli Jónsson, Winnipeg Man.